

27.03.–19.09.2021

Eilíf
endur
koma
Eternal
Recur-
rence

Jóhannes S. Kjarval
&

Eggert Pétursson

Egill Sæbjörnsson

Einar Garibaldi

Gjörningaklúbburinn

Guðrún Einarsdóttir

Guðrún Kristjánsdóttir

Hrafnkell Sigurðsson

Katrín Elvarsdóttir

Katrín Sigurðardóttir

Kristján Guðmundsson

Ólafur Elíasson

Páll á Húsafelli

Ragna Róbertsdóttir

Ragnar Kjartansson

Sigurður Guðjónsson

Steina

Velkomin á Kjarvalsstaði!

Á sýningunni *Eilíf endurkoma* eru valin verk eftir listmálarann Jóhannes S. Kjarval (1885–1972) sem var frumkvöðull í myndlist hér á landi. Hann opnaði augu fólks fyrir umhverfi sínu með svo áhrifaríkum hætti að hann telst einn ástsælasti listamaður íslenskrar listasögu. Algengasta myndefni Kjarvals var náttúra og landslag en hann gerði líka mikið af mannamyndum og fantasíum þar sem verur skjóta upp kollinum og ýmis náttúrufyrirbrigði eru persónugerð. Skömmu eftir andlát Kjarvals fjallaði listfræðingurinn Björn Th. Björnsson (1922–2007) um framlag Kjarvals til íslenskrar listasögu. Hann segir meðal annars um verk hans að þau séu „aldrei í einum tíma stödd, heldur jafnan íþætt endurvöktum minnum.“ Hér má lesa þá miklu virðingu sem Kjarval nýtur en líka þá tilgátu að listamenn og áhorfendur hvers tíma koma á nýjan hátt að verkum hans og viðfangsefnum með eigin reynslu og viðhorf í farteskinu.

Hér á Kjarvalsstöðum eru verk Kjarvals þöruð við verk samtímalistamanna sem endurspeгла fjölbreytta miðla, ólíkar stefnur og breyttan tíðaranda. Áhrif Kjarvals á yngri kynslóðir listamanna eru ýmist augljós og afgerandi, þau birtast með óræðum hætti og án ásetnings eða í gegn um áþekk umfjöllunarefni ólíkra kynslóða. Heiti sýningarinnar, *Eilíf endurkoma*, er fengið að láni úr kenningum heimspekingsins Friedrichs Nietzsche (1844–1900). Um það leyti sem Kjarval fæddist kynnti Nietzsche áhrifaríka hugmynd um að tilveran kunni að ganga í hringi og endurtaka sig í sífellu. Listaverkin á sýningunni birta tilgátu um samhljóm hugmynda sem koma fram aftur og aftur með ólíkum hætti á ýmsum tímum.

Í **Vestursal** Kjarvalsstaða eru tengingar á milli verka í gegnum sögur, viðfangsefni og myndmál. Verur í náttúru landsins birtast með ólíkum hætti hjá Kjarval og Gjörninga-klúbbum, einhvers konar huldukonur, vættir eða vegalausir ferðalangar. Þær ramba á mörkum þess að vera hluti af náttúrunni eða henni framandi. Í nútímanum er náttúran ekki jafn óvæginn og áður, enda jafnan stutt í skjól eða björgun. Tungl-fararnir sem virðast dansa í auðninni hjá Kjarval kallast á við myndverk Hrafnkels Sigurðssonar sem byggjast á ljósmyndum sem teknar hafa verið af ystu endimörkum alheimsins. Óraviddir geimsins höfða til ímyndunarafsins á öllum tímum. Táknrænt málverk Kjarvals, *Krítik*, sem fjallar um hlutverk listamannsins virðist vakna til lífsins í myndbandsverki Sigurðar Guðjónssonar. Listamaðurinn er alltaf eitthvað að bjástra og smám saman þokast hann áfram á sinni vegferð, þótt hún virðist ganga hægt og stefnulaust.

Fyrir miðjum sal má sjá tilraunir Ólafs Elíassonar með sjónsvið og skynjun. Á sýningunni á hann tvö ólík verk, bæði ljós sem varpar litum og formum allt um kring og einnig spegla sem beinast upp til himins og niður til jarðar. Kjarval nýtti sér gjarnan kúbískt uppbrót og aðra bjögung á sjónsviðinu til þess að kryfja betur viðfangsefni sín, líkt og hann gerir í verkinu *Land og loft*. Einar Garibaldí hefur lengi velt fyrir sér arfleifð Kjarvals og áhrifum landslagsmálaranna svokölluðu á okkar eigin upplifun af náttúrunni. Hvernig hefur lykilverk eins og *Fjallamjólk* Kjarvals áhrif á upplifun hvers og eins af Þingvöllum? Túlkun Kjarvals verður hluti af þeirri linsu sem við njótum náttúrunnar í gegnum, meðvitað eða ómeðvitað.

Ragna Róbertsdóttir nálgast landslag með því að nota efnivið beint úr náttúrunni. Vinnustofa hennar er í raun landið sjálft sem hún færir inn í sýningarsali. Hér hefur hún búið til sjóndeildarhring úr hrauni sem hún náði í viðrætur Heklu. Kjarval beinir einnig sjónum að eldfjallinu og afleiðingum tíðra eldsumbrota þar. Hann upplifði eldgos í Heklu í eigin samtíma árið 1947 og túlkaði í verkinu *Heyburkkur eftir Heklugos* afleiðingar þess. Áttthagar Kjarvals og Katrínar Elvarsdóttur birtast með glettilega líkum hætti þótt um sé að ræða staði á sitt hvorum hluta landsins sem og ólíka miðla; málverk og ljósmynd. Kjarval ólst upp á Borgarfirði eystra og Katrín á Ísafirði. Kjarval málaði tiltekna einkennistinda Austfjarða, *Dyrfjöll*, margoft og með ótrúlega fjölbreyttum hætti. Katrín velur aftur á móti ónefndan tind sem tákn fyrir vestfirskan fjallahringinn. Rétt eins og umhverfið tekur breytingum eftir birtu og veðri breytist það í huga manns í minningunni.

Hinni stuttu íslensku sumarnótt, sem Kjarval fangaði í einu af fjölmörgum málverkum sínum af Þingvöllum, er stillt upp í samtali við *Lengstu nótt á Íslandi*, eftir Kristján Guðmundsson. Breytilegur sólargangur hér á norðurslóðum er báðum listamönnum hugleikinn en þeir fara ólíkar leiðir til að tjá upplifun sína. Kristján notar mælingar og talningu en Kjarval styðst við skynjun og tilfinningu. Í Vesturforsal er stillt upp einni af mannamyndum Kjarvals sem lék sér gjarnan að því að tengja saman persónur og landslag. Á meðan hann teiknaði fyrirmyndir sínar í átt að landinu hefur Páll á Húsafelli snúið dæminu við og dregið mannamyndir fram úr grjóti. Páll vinnur í ólíka steina sem verða á vegi hans og kallar fram ýmist nafntogaða einstaklinga eða óþekktar persónur.

Í Austursal er náttúran ríkjandi viðfangsefni og eru tengingar á milli verka frá ólíkum tíma í gegnum aðferðir og sjónarhorn. Í nýjum málverkum eftir Eggert Pétursson gaumgæfir hann yfirborð náttúrunnar. Hann málur skærgræna mosapembu en segja má að Kjarval hafi fyrstur listamanna beint sjónum að þessum lággróðri sem á sér svo fjölbreyttar birtingarmyndir. Eggert kallast með augljósum hætti á við Kjarval í öðru verki sem hann byggir beinlínis upp á ákveðinni teikningu Kjarvals, *Blómaandliti*. Guðrún Einarsdóttir hefur þróað sérstakar aðferðir á vinnustofu sinni þar sem hún lætur málverkin taka á sig mynd á mjög löngum tíma. Þannig verður til yfirborð sem minnir á mosa, myglu eða annað lífrænt efni. Kjarval kom líka auga á sjónarspil lífrænna ferla þegar hann stillti saman mygluðum flatkókum og skófum á hrauni.

Steina notar hljóð- og videótækni til þess að skoða hraun og mosa í nýju ljósi. Hún lætur náttúrleg form umbreytast og köllvarpast í pixluðum myndheimi. Þessi sömu fyrirbæri birtast með margbreytilegum hætti nánast allan feril Kjarvals og voru honum ótæmandi innblástur. Hann prófaði sig endalaust áfram með aðferðir og útfærslu án þess að festast nokkru sinni í sömu sporum. Fjallshlíðar í vetrarhörkum birtast á ólíkan hátt í meðförum Kjarvals og Guðrúnar Kristjánsdóttur en bæði takast þau á við hverfuleika náttúrunnar þar sem veður og birta taka stöðugum breytingum. Ragnar Kjartansson lítur á listmálun sem gjörning og setur sig í spor listamanna fyrri tíma sem fóru út undir bert loft með striga og trönur til þess að fanga umhverfið. Verkaróð hans úr Eldhrauni kallast á við málverk eftir Kjarval sem er á heimili listamannsins og er hér til sýnis.

Heimahagar eru viðfangsefni ólíkra listaverka eftir Kjarval og Katrínu Sigurðardóttur. Eftir tveggja áratuga fjarveru sneri Kjarval aftur á æskustöðvar sínar og málaði agnar-smá húsin í Bakkagerði andspænis ólgandi hafi, umvafin háum fjöllum Borgarfjarðar eystra. Minningum Katrínar Sigurðardóttur er pakkað upp úr tösku þar sem sjá má hólf með smágerðum eftirmyndum almenningsgarða og staða sem hafa verið nærri heimilum hennar í gegnum tíðina. Í Austurforsal er málverk eftir Kjarval af þremur systurum sem virðast spretta beint upp úr óblíðri náttúru landsins. Með augum samtímans eru þær eins og náttúruvættir eða tröllkonur. Verkið kallast á við skartgripi Egils Sæbjörnssonar sem hann vann í samstarfi við tröllin Ugh og Böögar. Hann leikur sér með hugmyndir um að þar sem hugsandi verur og hraun spretti úr sama efnisheimi kunni tengslin að vera meiri en almennt er talið. Þar er Egill á svipuðum slóðum og Kjarval sem hafði þá grundvallarsýn að öll náttúra væri lifandi.

Welcome to Kjarvalsstaðir!

This exhibition, *Eternal Recurrence*, contains selected works by painter Jóhannes S. Kjarval (1885–1972), a pioneer in Icelandic art. Kjarval opened people's eyes to their environment in such a dramatic way that he is considered one of the most beloved artists in Icelandic art history. Kjarval's main subject was nature and landscape but he also created many portraits and fantasies where creatures appear, and various natural phenomena are personified. Shortly after Kjarval's death, art theorist Björn Th. Björnsson (1922–2007) wrote of the artists' contribution to Icelandic art history, stating among other things, that his work "never belongs in a single moment, but is always interwoven with renewed themes." It is possible to read the great respect that is held for Kjarval, and also the notion that artists and viewers of any given time approach his work and subjects in new ways, with their own experience and attitudes in their pockets.

Here, Kjarval's work is paired with younger works by contemporary artists that reflect diverse media, contrasting trends, and a different Zeitgeist. Kjarval's influence on the younger generations of artists is either obvious and decisive, or, they appear in a subtle way and without intention, or, through similar topics between different generations. The title of the exhibition, *Eternal Recurrence*, is borrowed from the teachings of the philosopher Friedrich Nietzsche (1844–1900). Around the time Kjarval was born, Nietzsche introduced the compelling idea that life could go in circles and repeat itself over and over again. The artworks in the exhibition reveal a hypothesis about the harmony of ideas that reappear in different ways at different times.

In the West Gallery, you will find connections through stories, subjects, and imagery. Creatures appear differently in the Icelandic landscape in works by Kjarval and the Icelandic Love Corporation; some kind of hidden people, ghosts or roadless travellers. They teeter between being a part of nature and alien to it. In modern times nature is not as rugged as before, usually one is close to shelter or rescue. The moon astronauts who appear to dance in Kjarval's wilderness echo the art of Hrafnkell Sigurðsson, who bases his work on photographs from the utmost limits of the universe. The vastness of space appeals to the imagination at all times. Kjarval's symbolic painting, *Critique*, which seems to revolve around the role of the artist, comes to life in Sigurður Guðjónsson's video work. The artist is always busy and gradually progresses on their journey, even though it may seem slow and aimless.

In the centre of the gallery, you see Ólafur Elíasson's experiments with the field of vision and perception. In the exhibition he has two different works, a light that projects colours and shapes all around, and mirrors that are directed up to the sky and down towards the ground. Kjarval often used Cubist insertions and other distortions of the visual field to better dissect his subject, as is seen in the work *Land and Air*. Einar Garibaldi has long pondered Kjarval's heritage and the influence of the early landscape painters on our own experience of nature. In what ways does a key work like *Mountain Milk* influence the perception of those who visit Þingvellir? Kjarval's interpretation becomes part of the lens through which we enjoy nature, consciously or unconsciously.

Ragna Róbertsdóttir approaches landscape by using materials straight from nature. Her studio is the land itself, which she moves into the gallery space. Here, she has created a horizon in lava she acquired at the foot of Mt. Hekla. Kjarval also focused on the volcano and the effects of its frequent eruptions. He experienced an eruption at Hekla during his own time in 1947, and shows in the work *Drying Hay after an Eruption in Mt. Hekla*, the consequences of the eruption. Although Kjarval and Katrín Elvarsdóttir come from opposite sides of the country, Kjarval from Borgarfjörður in the East and Katrín from Ísafjörður in the West, their subjects are of similar fashion, but expressed in different media; paintings and photography. Kjarval painted a specific mountain symbolic for the East, *Dyrfjöll*, many times in an incredibly varied way. Katrín, on the other hand, chooses an unnamed peak as a symbol for the Western mountain range. Just as the environment changes with light and weather, it changes in its own way in the one's mind.

The short Icelandic summer night, which Kjarval captured in one of his numerous paintings of Þingvellir, is juxtaposed in dialogue with the *Longest Night in Iceland* by Kristján Guðmundsson. The artists are both interested in the changeable movements of the sun in the Arctic region but they express their experience in different ways. Kristján uses measurements and counting, while Kjarval uses perception and feeling. In the west corridor, one of Kjarval's portraits plays with the connection between people and landscape often found in his work. While Kjarval painted people into the land, artist Páll from Húsafell has done the reverse; he has pulled portraits out of the rocks. Páll works with different stones that he finds, and calls forth both known and unknown individuals.

In the East Gallery, nature plays the lead role and there are connections between works from different times in their methods, and viewpoints. In new paintings by Eggert Pétursson he attends to the surface of nature. He paints a bright-green moss spread, and it is worth noting that Kjarval was the first artist to focus on this undergrowth, which has so many different manifestations. Eggert explicitly echoes Kjarval further in another work in which he builds directly upon a specific drawing by Kjarval, *Flower Face*. Guðrún Einarsdóttir has developed unique methods in her studio, where she lets her paintings take form over an exceedingly long period of time, thus creating a surface reminiscent of moss, mould, or other organic material. Likewise, Kjarval had an eye for the spectacle of organic processes when he posed mouldy flat breads together with lichen in the lava.

Steina uses audio- and video technology to examine lava and moss in a new light. She transforms natural forms and over-turns them into a pixelated world of images. These same phenomena appear in many varied ways throughout Kjarval's career and were a never-ending source of inspiration for him. He endlessly experimented with methods and implementations without ever getting caught up in the same footsteps. Mountainsides in the midst of winter are exposed through different treatments in works by Kjarval and Guðrún Kristjánsdóttir. Both examine the impermanence of nature, where weather and light are in constant flux. Ragnar Kjartansson views the painting as performance, placing himself in the shoes of artists of older times, who ventured out with their canvas and easels to capture their surroundings. His series of

works *Eldhraun* echo a Kjarval painting that is in the artist's home and can be seen here.

Home is the subject of different artworks by Kjarval and Katrín Sigurðardóttir. Following an absence of two decades, Kjarval returned back to the place of his youth, and painted the tiny houses in Bakkagerði against the turbulent sea and surrounded by the tall mountains of Eastern Borgarfjörður. Katrín Sigurðardóttir's memories are unpacked from a case that contains compartments with microscopic copies of parks and places near her past homes. In the east corridor is a Kjarval painting of three sisters that seem to grow directly from the harsh landscape. With today's eyes, one may easily recognize them as giants or trolls. The work echoes Egill Sæbjörnsson's jewelry, which he created in collaboration with the trolls Ugh and Böögar. He plays with the idea that thinking beings and lava spring from the same material world, so the connection may be greater than is generally thought. There Egill is in a similar mindset as Kjarval, who had the basic vision that all nature was alive.

Eilíf endurkoma
Eternal Recurrence

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir
Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir
27.03.–19.09.2021

Sýningarstjórn Curators
Edda Halldórsdóttir
Markús Þór Andrússon
Ólöf Kristín Sigurðardóttir

Sýningarhönnun Exhibition Design
Axel Hallkell Jóhannesson

Myndband Video
Hildur Inga Björnsdóttir
Eyþór Árnason

Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem lánuðu verk á sýninguna
Reykjavík Art Museum thanks those who kindly lent works to the exhibition

Í móttöku er hægt að fá lánaðan bakpoka til að fara í skemmtilegt ferðalag um sýninguna
In the reception you will find a family-backpack to go on a fun tour through the exhibition

Upplýsingar um leiðsagnir og aðra viðburði á heimasíðu safnsins
Information on guided tours and other events on the museum website

Stórir og smáir hópar geta bókað sérleiðsögn
Small or large groups can book private tours

Dagskrá
Programme

Leiðsögn sýningarstjóra
Curators' Talk
Sun. 28.03. **kl.** at 14:00
Sun. 25.04. **kl.** at 14:00
Sun. 05.09. **kl.** at 14:00

Leiðsögn listamanna
Artists' Talk
Fim. Thu. 29.04. **kl.** at 20:00
Fim. Thu. 27.05. **kl.** at 20:00
Fim. Thu. 26.08. **kl.** at 20:00

Leiðsögn á pólsku
Guided Tour in Polish
Oprowadzenie w języku polski
Sun. 02.05. **kl.** at 14:00

Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur
Children and Family Programme
Lau. Sat. 10.04. **kl.** at 11:00
Lau. Sat. 24.04. **kl.** at 11:00
Lau. Sat. 12.06. **kl.** at 11:00
Lau. Sat. 11.09. **kl.** at 11:00

Athugið að bóka þarf þátttöku í öllum viðburðum
Please note that booking is required for all events

KJARVALSS
AVIKKUR TILA
ART MUSEUM

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opið daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

